

Hildur Magnúsdóttir viðskiptastjóri hjá DecideAct á Íslandi

REYKJAVÍK, ICELAND, September 28, 2021

/EINPresswire.com/ -- Vegna aukinna umsvifa hefur DecideAct á Íslandi sett aukna áherslu á að styrkja viðskiptasamband og veita viðskiptavinum aukinn stuðning við stefnuframkvæmd og hefur ráðið Hildi Magnúsdóttur M.Sc. í stjórnun og stefnumótun sem viðskiptastjóra félagsins á Íslandi og hefur hún þegar hafið störf. Hildur er 36 ára, með viðskiptafræðigráðu frá Háskólanum í Reykjavík og meistaragráðu í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands en hún starfaði áður hjá Jarðborunum í 11 ár.

Samhliða starfi sínu hjá DecideAct mun Hildur stunda doktorsnám við Háskóla Íslands á sviði stjórnarhátta og innleiðingu stefnu með áherslu á ESG og innleiðingu góðra stjórnarhátta. Í samstarfi DecideAct, Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands og Copenhagenes Business School verður rannsakað hvernig fyrirtækjum á alþjóðlegum mörkuðum tekst til við að þróa góða stjórnarhætti og innleiða þá sem hluta af sinni stefnumótun.



Hildur Magnúsdóttir viðskiptastjóri hjá DecideAct á Íslandi

DecideAct býður uppá skýjalausn sem heldur utan um framvindu markmiða og stefnur fyrirtækja og eftirfylgni stefnuáætlana, svokallað stefnubókhald, með sama hætti og fjárhagsbókhald er nýtt við eftirfylgni fjárhagsáætlana. Hildur mun í starfi sínu meðal annars rannsaka hvernig viðskiptavinum DecideAct vegnar við notkun hugbúnaðar félagsins við innleiðingu stefnu og stjórnarhátta. Niðurstöðurnar munu varpa ljósi á nýjar aðferðir á sviði stafrænnar tækni og hagnýtingar þeirra við innleiðingu stefnu og stjórnarhátta.

Hildur er þátttakandi í þverfaglegu rannsóknarteymi akademíks fólks á sviði stafrænnar tækni, stjórnarhátta og stefnumótunar, frá Noregi, Danmörku, Spáni, Bandaríkjunum, Kanada og Íslandi. Rannsóknirnar eru af mjög hagnýtum toga og munu nýtast fyrirtækjum og stofnunum alþjóðlega við það vandasama verk að innleiða og fylgja eftir góðum stjórnarháttum.

DECIDEACT Í MIKILLI SÓKN

Í júlí síðastliðinn lauk hlutafjárukningu í DecideAct að andvirði 14,8 milljóna danskra króna. Þar lögðu einkafjárfestar, meðal annars stjórnarformaður félagsins, til aukið fjármagn. Fjármögnunin styrkir til muna eigið fé félagsins og verður nýtt í aukinn vöxt félagsins á næstu tveimur árum og styðja frekar undir þá framtíðarsýn félagsins að verða leiðandi á sviði hugbúnaðarlausna sem auðvelda framkvæmd stefnu og innleiðingu markmiða. Framkvæmdastjórn félagsins kynnti í ágúst áætlun sem þegar hefur verið hrint í framkvæmd um hvernig fjármögnunin mun nýtast til að styrkja félagið. Áætlunin samanstendur af fimm nýjum verkefnum:

- Stofnað verður innanhúss söluteymi til viðbótar við þá sölumenn sem eru starfandi víðsvegar um heiminn í dag,
- Sett verður á fót miðstöð fyrir þjónustu við viðskiptavinum þar sem áherslan verður á framúrskarandi þjónustu og sérþekkingu á stjórnun á framkvæmd stefnu,
- Sjálfvirkni í markaðssetningu verður aukið og netlausnir fyrir sjálfvirka sölu og innleiðingu verða kynntar, og
- Þæknipróun í notendaviðmóti verður flýtt.

Í lok júní voru tekjur félagsins af sölu (e. Annual Recurring Revenue) 5,55 milljónir danskra króna, sem nemur 58% af markmiði félagsins fyrir árið 2021. DecideAct hefur sýnt á síðustu tólf mánuðum að SaaS lausn félagsins á erindi til bæði einkarekinna og opinberra félaga, sem og sveitarfélaga, opinberrar stjórnsýslu og hvers konar félagasamtaka. Viðskiptavinahópur DecideAct samanstendur af stórum sem smáum fyrirtækjum sem eru starfandi á mismunandi mörkuðum um allan heim. Þessi góði árangur og viðtökur sem hugbúnaður DecideAct hefur fengið leiðir til þess að ráðist er í aðgerðir nú til að ýta undir frekari vöxt.

UM DECIDEACT:

DecideAct er hugbúnaðarfyrirtæki sem gerir fyrirtækjum kleift að framkvæma og fylgja eftir stefnu í stefnubókhaldi sem er í formi skýjalausnar. Með því að endurskoða aðferðir við innleiðingu og framkvæmd stefnu hefur DecideAct búið til byltingarkennt verkfæri sem getur nýst öllum fyrirtækjum og stofnunum, í opinbera og einkageiranum, í öllum atvinnugreinum, landsvæðum, óháð hlutverki notenda og tegund forgangsverkefna, við að ná stefnumarkandi markmiðum. Framtíðarsýn DecideAct er að nútímavæða stefnumótandi forystu með tækni.

Flemming Videriksen

DecideAct Solutions

+45 78 75 65 50

[email us here](#)

This press release can be viewed online at: <https://www.einpresswire.com/article/552521463>

EIN Presswire's priority is source transparency. We do not allow opaque clients, and our editors try to be careful about weeding out false and misleading content. As a user, if you see something we have missed, please do bring it to our attention. Your help is welcome. EIN Presswire,

Everyone's Internet News Presswire™, tries to define some of the boundaries that are reasonable in today's world. Please see our Editorial Guidelines for more information.

© 1995-2021 IPD Group, Inc. All Right Reserved.